

BORGARRÁÐ 12. september 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fyrirhugaðar framkvæmdir í samgöngum - R19090128

Fyrir dyrum standa umfangsmiklar framkvæmdir í samgöngum. Flokkur fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um hvort meirihlutinn hyggist vinna að frekari þrengingum gatna á næstunni svipuðum þeim á Hofsvallagötu og á Grensásvegi. Eins og vitað er hafa þrengingar verið afar umdeildar þar sem þær hafa leitt til enn meiri tafa á umferð. Borgarmeirihlutinn hefur ekki viljað ljá máls á úrlausnum og hefur t.d. vísað frá tillögu um snjallstýringu ljósa. Langar bílalestir sem rétt sniglast áfram eru ekki einungis ökumönnum til ama heldur öllum vegfarendum. Bílum í umferðinni fjölga eins og nýjustu kannanir sýna. Ekki er endilega víst að borgarlína breyti því en áætlað er að uppbyggingu hennar ljúki um 2030-35. Almenningsamgöngur henta einungis broti af borgarbúum. Tímanna tvö tvenna tekur að komast milli staða enda situr strætó fastur í umferðarteppum um alla borg. Óttast er að komið sé að þolmörkum.